

**102**  
13. des.

## AUGLÝSING

um

breytingu á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar frá 4. janúar 1923.

Í stað „45 aura“ í 1. gr. staflað a. komi „50 aura“.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samþykkt samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 1915, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. janúar 1924, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. des. 1923.*

**Kl. Jónsson.**

*Vígfús Einarsson.*

**103**  
29. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Akurnesinga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. desember 1923. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Sjúkraskýlissjóð Akurnesinga.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Akurnesinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af stúkunnni „Akurblóm“ nr. 3 að tilhlutun þeirra húsfreyju Mettu Steinunnar Hansdóttur (f. Hoffmann), dóttur hennar ungfrú Petreu G. Sveinsdóttur og Sumarliða Halldórssonar á Akranesi.